

13. apríl 2015 kl: 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir. Fjarverandi: Berglind Ása Pedersen.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Fréttir af brettarömpum. Unnið er að jarðvegsskiptingu þessa dagana og framkvæmdir komnar á fullt skrið.
2. Gjöf til verðandi fyrstu bekkinga. Þau börn sem byrja í fyrsta bekk á komandi haust fá gjöf frá foreldrafélaginu. Gjöfin inniheldur ritföng og buff merkt Giljaskóla. Elli mætir á fundinn sem haldinn verður fyrir foreldra/forráðamenn og verðandi nemendur í maí og kynnir starf félagsins og afhendir gjafirnar.
3. Hjólahátið Giljaskóla. Hjólahátið Giljaskóla verður haldinn laugardaginn 9. maí. Elli talar við Dr.Byke sem ætlar að mæta á svæðið og skoða hjól nemenda. Einnig ætlar Elli að kanna hvort meðlimir úr hjólréiðafélagi Akureyrar sjái sér fært um að mæta og hjóla með nemendum og foreldrum hring um hverfið. Elli býr til auglýsingu fyrir hátiðina. Guðbjörg verslar inn það hráefni sem þarf fyrir vöflukaffið. Boðið verður upp á vöflur og meðlæti. Bjóða á nemendum í 10. bekk upp á fjáröflun með því að leggja fram vinnu á þessum degi við vöflubakstur.
4. Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla. Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla verður haldinn miðvikudaginn 20. maí klukkan 19:30. Stjórn foreldrafélagsins hvetur alla foreldra/forráðamenn nemenda skólans til að mæta og sýna með því starfi félagsins áhuga og stuðning.
5. Facebooksíður fyrir foreldra/forráðamenn. Rætt var um hvort foreldrafélagið ætti að útbúa lokaða facebooksíðu fyrir foreldra og kennara skólans þar sem skólasamfélagið getur átt samræðugrundvöll um ýmsa þætti uppeldisins og skólastarfsins. Einnig hugmynd að búa til lokaða facebooksíðu fyrir hvern árgang fyrir sig og hafa umsjónarkennarana með í hópunum. Ákveðið að ræða þetta nánar á aðalfundi foreldrafélagsins þann 20. maí n.k.

Fundi slitið kl. 20:30.

Næsti fundur verður Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla sem haldinn verður miððvikudaginn 20. maí klukkan 19:30.

Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir